

Ed. 23. Frumvarp til laga

um innheimtu skatta og útsvara.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Í Reykjavík skal innheimtu tekju- og eignarskatts til rikissjóðs, lífeyrissjóðs-
gjalds til Lífeyrissjóðs Íslands og útsvara til bæjarsjóðs, hagað á þann hátt, sem
mælt er í lögum þessum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að innheimtuskipulag það, er
hér um ræðir, þar með talin ákvæði um gjalddaga, dráttarvexti, sektir og önnur

viðurlög, skuli gilda að einhverju eða öllu leyti um innheimtu annarra heinna eða persónulegra skatta, svo sem kirkjugjalds, kirkjugarðsgjalds, námsbókagjalds, fasteignaskatts, fasteignagjalda og annarra gjalda af sérstökum eignum.

Ráðherra getur einnig ákveðið með reglugerð, að sjúkrasamlagsgjöld séu innheimt á sama hátt.

2. gr.

Stofnun sú, er annast innheimtu þeirra gjalda, sem um ræðir í 1. gr., nefnist Innheimtustofnun ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar, og hafi hann sömu föst laun og tollstjóri. Skal hann nefnast innheimtustjóri. Ráðherra ákveður laun annarra fastra starfsmanna, þar til er þau verða ákveðin í launalögum.

3. gr.

Jafnskjótt sem lokið hefur verið niðurlögnun og ákvörðun hinna persónulegu gjalda, sem innheimt verða af stofnuninni, skulu persónuleg gjöld hvers gjaldanda færð á einn gjaldseðil, en gjöld af sérstökum eignum, svo sem fasteignaskattur, húsa- og lóðagjald, vatnsskattur og önnur gjöld af fasteignum, færð á sérstakan seðil fyrir hverja eign. Skattstofan afhendir gjaldseðlana til Innheimtustofnunarinnar, tilbúna til afhendingar, í síðasta lagi 15 dögum áður en fyrsti hluti gjaldanna á að greiðast.

Öll gjöld, sem stofnunin innheimtir, þar með taldir dráttarvextir, skulu enda á heilum tug aura.

Nú glatar gjaldandi gjaldseðli sínum, og ber honum þá að fá hann strax endurnýjaðan. Ráðherra getur ákveðið, að tekið skuli sérstakt gjald fyrir endurnýjun gjaldseðla.

4. gr.

Framangreind gjöld skulu greidd á 10 gjalddögum með jöfnum greiðslum í hvert sinn. Er fyrsti gjalddagi 1. ágúst og síðan 1. dag hvers mánaðar, að undanskildum mánuðunum desember og júlí. Gjaldárið nær því frá 1. ágúst til 1. júní næsta árs á eftir.

5. gr.

Innheimtustofnunin gerir skilgrein eigi sjaldnar en mánaðarlega um þau gjöld, er hún innheimtir samkvæmt 1. gr. Skal hún greiða þær fjárhæðir, sem innheimt hafa í þeim mánuði, sem liðinn er, eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar.

Skilgrein fyrir innheimtuárið skal send öllum stofnunum og aðiljum, sem hlut eiga að máli, fyrir 1. ágúst ár hvert.

6. gr.

Allir gjaldendur eru skyldir til að greiða í skrifstofu Innheimtustofnunarinnar öll þau gjöld, er um ræðir í lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir.

Þó er Innheimtustofnuninni heimilt að semja við lánsstofnanir um, að þær hafi á hendi móttöku á afborgunum af skattgreiðslum, sem séu lagðar inn á reikning hennar hjá þeim, enda sé um fullar mánaðargreiðslur að ræða. Hver lánsstofnun skal gera Innheimtustofnuninni skilgrein fyrir slíkum greiðslum eigi síðar en sólarhring eftir að greiðslan fer fram.

7. gr.

Nú hefur gjaldandi ekki greitt hinn mánaðarlega $\frac{1}{10}$ hluta af gjöldum sínum, sem greiða á 1. hvers mánaðar, fyrir 30. sama mánaðar, og eru þá öll gjöld þessa gjaldanda fyrir það ár fallin í gjalddaga, og má gera lögtak hjá honum fyrir þeim öllum. Dragist greiðsla lengur en 15 daga frá réttum gjalddaga skal gjaldandi greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern heilan mánuð eða hluta úr mánuði frá gjalddaga. — Dráttarvöxtum fylgir lögtaksréttur.

Óski gjaldandi að greiða gjöld sín að einhverju eða öllu leyti fyrir gjalddaga, skal draga frá skattgreiðslu hans vexti 4% p. a. fyrir hvern heilan mánuð, sem óliðinn er til gjalddaga hverrar einstakrar mánaðargreiðslu.

8. gr.

Innheimtustofnunin getur gert að skyldu öllum þeim, sem kaup eða þóknun greiða af hendi, að halda eftir af sérhverri greiðslu til þeirra, er við kaupinu eða þóknuninni taka, nægilegri fjárhæð til greiðslu framan greindra mánaðargjalda fyrir gjaldárið, sem fallin eru í gjalddaga við útborgun, auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar. Stofnunin getur ákveðið frest til að inna slíkar greiðslur af hendi. Heimild þessi tekur einnig til ógreiddra gjalda frá fyrri árum. Eigi má þó halda eftir meira en $\frac{1}{3}$ kaups eða þóknunar, sem til útborgunar kemur hverju sinni.

Þá getur Innheimtustofnunin krafizt þess, með bréflægri tilkynningu eða á annan hátt, að allir þeir, er kaup eða þóknun inna af hendi, sendi henni skriflega skýrslu um þá, er hjá þeim starfa, og gefi henni upplýsingar um atriði, sem máli skipta í sambandi við skattgreiðslur. Enn fremur má skylda alla kaupgreiðendur til að tilkynna Innheimtustofnuninni strax og fastir starfsmenn fara úr þjónustu þeirra. Vanræki kaupgreiðandi að halda eftir gjöldunum eða tilkynna brottför starfsmanns, ábyrgist hann sem sína skuld hin vangreiddu gjöld, og má taka þá fjárhæð lögtaki hjá honum. Gildir það jafnt, þótt starfsmaður kunní að hafa tekið laun sín fyrir fram.

Ef einhver tregðast við að láta Innheimtustofnuninni í té þær upplýsingar, sem um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má innheimtustjóri ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

9. gr.

Kostnaður við innheimtuna skal skiptast á þá aðilja, sem innheimt er fyrir, í réttu hlutfalli við hin árlegu álögðu gjöld.

10. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að innheimtuskipulag það, er um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til annarra kaupstaða landsins og kaup- túna. Fela má hlutaðeigandi sveitarfélagi innheimtuna.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara skal setja með reglugerð. Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, 100–5000 krónur.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. ágúst 1944, en þá skulu tollstjórinn í Reykjavík og borgarstjórinn í Reykjavík hafa afhent Innheimtustofnuninni skrá yfir óinnheimt gjöld þeirrar tegundar, sem Innheimtustofnunin á að annast innheimtu á og fallin eru í gjalddaga. Annast svo Innheimtustofnunin innheimtuna eftir það.

Nú er gert ráð fyrir því í lögum, að tiltekin gjöld séu innheimt á manntalsþingi, og Innheimtustofnuninni verður ekki falin innheimta þessara gjalda, skal þá ráðherra ákveða gjalddaga þeirra.

Um leið og lög þessi koma til framkvæmda, eru úr gildi fallin 45. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, 13. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, 1.—3. mgr. 27. gr., 3. mgr. 29. gr., 30. og 31. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, 1. gr. laga nr. 23 12. febr. 1940, um breyting á lögum um útsvör nr. 106 23. júní 1936, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi. Visast til þeirrar greinargerðar, sem þá var gerð fyrir nauðsyn þess, að umrædd skipun á innheimtu skatta og opinberra gjalda væri upp tekin. Frv. er nú lagt fram með nokkrum breytingum, og hefur í því efni verið að miklu leyti farið eftir tillögum og ábendingum tollstjóra.